

## Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar. - Starfsáætlun 2002-2003

## Umdæmisþing.

56. umdæmisþing Rótarý umdæmis 1360 á Íslandi var haldið á Skútustöðum í Mývatnssveit dagana 7. og 8. júní 2002. Fyrri daginn var hefðbundið formót til undirbúnings fyrir verðandi ritara og forseta og sóttum við Sigurður Hallgrímsson það auk Guðmundar Rúnars Ólafssonar verðandi forseta 2003-2004. Auk okkar sótti Bjarni Þórðarson þingið sem verðandi umdæmisstjóri 2003-2004 og Gabriel Roth skiptinemi okkar var gestur þingsins. Ég var búinn að gera stutta grein fyrir þinginu á fundi 20. júní s.l. Auk þess er skýrsla fráfarandi umdæmisstjóra í nýútkomnu fréttabréfi. Ég fjalla hér um þau málefni sem skipta máli fyrir starfið framundan á þessu Rótarýári.

Erlendir gestir á þinginu voru þeir Martti Nykänen umdæmisstjóri í umdæmi 1390 í Finnlandi en í því umdæmi er vinabær Hafnarfjarðar, Hämeenlinna; Krister Eklund svæðisfulltrúi Rótarýsjóðsins og Lloyd Morris frá Alaska sem var fulltrúi Richard King forseta Rotary International 2001-2002. Þeir áttu það allir sammerkt að vera sannir rótarýmenn og hrifu þingfulltrúa með sér hver á sinn hátt. Einkum var áhrifamikil ræða Lloyd Morris á þinginu þar sem hann gerði að umtalsefni reynslu sína af því að vera fulltrúi RI gagnvart stórum hluta Rússlands næst Alaska þ.e. Síberíu. Greindi hann frá því er ung stúlka kom sem skiptinemi og þegar faðir hennar rússneskur kom í heimsókn í lok dvalar hennar. Eftir góða daga saman áttu Loyd og Igor gott samtal í anda friðar og vináttu en þá kom upp að báðir voru sérfróðir og höfðu verið starfandi á ratsjársviði. Igor hafði reyndar starfað í stjórnstöð þar sem eldflaugum var beint að skotmörkum í Alaska og víðar í N-Ameríku. Niðurstaða þeirra var að í stað þess að senda eldflaug sendi Igor dóttur sína og er þetta gott tákni um hvernig Rótarýhreyfingin á sterka aðild að friðarstarfi nútímans þótt frumforsendan fyrir því hafi verið lok kalda stríðsins.

Kris Eklund hvatti okkur til dáða og sáði nýjum hugmyndum um öflun fjár til Rotary Foundation sem er augljóst flaggskip okkar Rótarýmanna. Ein af hugmyndum hans var einföld þ.e. að hvetja rótarýfélaga til að losa sig við smápeninga úr vösumum í sparibauk. Margt smátt gerir eitt stórt og svo er þetta forvarnargerð gegn götöttum vösum og léttir á fólki. Þetta er tekið nú upp í klúbbum og stendur grísinn á borði stallara. Fjármunir sem safnast með þessum hætti renna til Rótarýsjóðsins.

Umdæmisþing er til þess fallið að efla samvinnu og kynni okkar rótarýfélaga. Í raun ætti einnig að vera hluti af starfi hvers klúbbs að leita samstarfs við aðra klúbba t.d. með gagnkvæmum heimsóknum. Enn fremur eru félagar hvattir til að heimsækja aðra klúbba á eigin vegum. Það er skyldumæting á umdæmisþing fyrir verðandi forseta og ritara en ég hvet alla klúbbfélaga til að sækja umdæmisþing amk þegar þau eru haldin hér í nágrenninu en svo var ekki að þessu sinni né heldur næst þar sem þingið verður í Vestmannaeyjum. Þá verður reyndar önnur ástæða til að fylkja liði úti í Eyjum þegar félagi okkar Bjarni Þórðarson tekur við umdæmisstjórastarfinu að ári.

Ómar Steindórsson tók nú 1. júlí s.l. við sem einn af stjórnarmönnum RI til 2 ára. Er þetta mikill heiður fyrir okkur íslenska rótarýfélaga og skal fullyrt að þar eigum við frábæran fulltrúa.

Forseti Rotary International starfsárið 2002-2003, Bichai Rattakul, er Taflenskur stjórn málafræðingur að mennt og á langan starfsferil sem þingmaður, ráðherra og fulltrúi lands síns á alþjóðavettvangi. Þannig var hann sem utanríkisráðherra til margra ára m.a. aðalfulltrúi Thailands hjá SP.

Hann valdi einkunnarorðin: Sow the seeds of love og skýrir þau á vefsíðu sinni þannig:

“... Við sáum frækornum kærleikans með því að finna tækifæri á hverjum degi jafnvel á hverju andartaki til að vera til þjónustu. Með því að sá frækornum kærleikans höfum við hag annarra í fyrirrúmi og erum um leið að rækta eigin garð og uppskera laun þjónustunnar: ...”. Heyrst hefur Bichai Rattakul muni heimsækja Ísland um mánaðamót sept./okt. og verður það þá annað árið í röð sem Forseti RI kemur hingað í heimsókn.

Umdæmisstjóri okkar þetta starfsár er Sigurður Símonarson í Rótaryklúbbsi Vestmannaeyja. Hann hefur einmitt þýtt einkunnarorð Bichai Rattakuls: “Sáum frækornum kærleikans”. Við skulum hafa þessi einkunnarorð hugföst í því starfi sem framundan er. Sigurður umdæmisstjóri lagði áherslu á eflingu Rótarysjóðsins auk þess sem hann brýndi íslenskt rótaryfólk til dáða í klúbbstarfi hver á sínu starfssvæði og svo í samvinnu milli klúbba. Hvatti Sigurður til þess að allir klúbbar leggðu að lágmarki sem svarar 20 bandaríkjadöllum á hvern félagar í Rótarysjóðinn. Stjórn Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar vill að klúbbar okkar standi við sitt og geri helst betur. Sigurður kemur væntanlega í heimsókn í klúbbinn 26. september n.k.

Að vera í Rótary.

Það skiptir öllu máli fyrir okkur að hafa gaman af því að vera Rótaryfélagar, ekki bara að vera í Rótaryklúbbsi Hafnarfjarðar heldur að vera félagar í merkjum og mannbætandi alheimssamtökum. Við skulum rifja upp meginmarkmið Rótary.

1. Að vera alþjóðafélagsskapur leiðandi fólks sem sameinast um að þjóna öðrum án tillits til trúarbragða, stjórnmála, kynþátta eða þjóðernis.
2. Að standa fyrir mannúðar- og menningarstarfi, stuðla að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetja til góðvildar og friðar í heiminum.
3. Að gera rótaryfélagana fróðari, hamingjusamari, víðsýnni og umburðarlyndari með þátttöku í rótaryfundum og rótarystarfi. Gera félagana þannig hæfari til að vinna í anda hugsjóna rótary að bættu mannlífi í eigin fjölskyldu, í sveitarfélagi sínu, landi og á alþjóðavettvangi.
4. Að bera gagnkvæma virðingu fyrir störfum hvers og eins klúbbfélaga.

Sú samlíking er oft viðhöfð að vera í Rótary sé eins og að sitja í Háskóla hins daglega lífs en til þess að svo megi vera þarf að sækja á hin dýpstu mið þekkingar og fróðleiks. Við sækjumst eftir að fá fyrirlesara sem hafa mikla þekkingu og reynslu á ýmsum vettvangi atvinnulífs, vísinda og þjóðmála. Þetta er ætlunarverk Rótary og við sækjum fundi á þessum forsendum og til til að fræðast hvert af öðru innan klúbbsins. Það er kostnaður af að vera í Rótary eins og að vera í háskóla. Gjaldkeri leggur hér á eftir fram fjárhagsáætlun f.h. stjórnar og vænti ég þess að klúbbfélagar sýni fullan stuðning við þær áherslur sem þar koma fram m.a. til að efla félagsstarfið í klúbbum.

Það er einmitt oft viðkvæmt í félagsstarfi þegar kemur að ákvörðun félagsgjalda. Um nokkurra ára skeið hafa verið tvö mismunandi gjöld í klúbbi okkar, annað almennt gjald og hitt fyrir þá sem eru orðnir 70 ára. Í fyrra var svo komið að lægra gjaldið sem var helmingur fasts gjalds, gat ekki hrokkið fyrir föstum gjöldum klúbbsins og varð að hækka það hlutfallslega. Í fjárhagsáætlun nú er enn gert ráð fyrir tveim mismunandi gjöldum, en þeir sem rétt hafa og þess óska hafi samband við gjaldkera um að greiða lægra gjaldið. Vona ég að um þetta verði góð sátt og við höldum starfinu áfram með reisu og í góðum starfsanda.

Handbók okkar fyrir þetta starfsár er nú komin út og er dreift hér í dag. Hún kemur nú út í þriðja sinn í tiltölulega einfaldri gerð en með allítarlegum upplýsingum um klúbbfélag og klúbbstarfið. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þær megináherslur sem stjórnin hefur.

Megináherslur.

Í fyrsta lagi leggjum við áherslu á vandaða dagskrá og að halda fundarforminu samkvæmt hefðum okkar og hafa fjórprófið að leiðarljósi. Það hefur verið skipað í nefndir með hefðbundnum hætti en til álita kom að sameina að einhverju leyti störf einstakra nefnda. Það er þó ekki gert enda er skipan fastanefnda samkvæmt lögum Rótarý og í reynd er einnig um að ræða ákveðna verkaskiptingu milli klúbbféлага í starfinu og við útvegum fundarefnis. Það er nýmæli við skipan í nefndir að í flestum þeirra er nú varaformaður. Til þess hafa valist flestir nýjustu félagar okkar og er þetta til marks um að stjórnin vill kalla þau fljótt til virkra starfa og ábyrgðar í þeirri vissu að þessi ráðstöfun geti flýtt fyrir aðlögun þeirra að klúbbstarfinu. Ég ætla ekki að tíunda viðfangsefni hverrar nefndar aðeins að staldra við nýmæli og sérstakar áherslur.

KLÚBBÞJÓNUSTUNEFND

Guðbjartur Einarsson formaður, Bjarni Hjaltason varaformaður  
Hlutverk nefndarinnar er m.a. að efla starfsemi klúbbsins og vinna með stjórn að samskiptum við aðra klúbba og Inner Wheel. Stjórnin mun m.a. leita til nefndarinnar við undirbúning klúbbþings.

STARFSÞJÓNUSTUNEFND:

Ingvar Geirsson formaður, Sigurður Haraldsson varaformaður  
Nefndin hefur það hlutverk með höndum að gæta þess að félagar greini frá störfum sínum og að stuðla að heimsóknum í fyrirtæki féлага. Stjórnin vill einmitt hvetja til meiri heimsókna á vinnustaði féлага.

ÞJÓÐMÁLANEFND:

Eyjólfur Þ. Sæmundsson formaður, Þórður R. Magnússon varaformaður  
Nefndin skal annast að helstu mál bæjarfélagsins og þjóðfélagsins verði kynnt félögum á fundum. Það er mikilvægt í Rótarý að fjalla um slík málefni.

ALÞJÓÐAMÁLANEFND:

Kristján Arason formaður, Anna Birna Almarsdóttir varaformaður  
Nefndin vinnur m.a. með stjórninni við móttöku erlendra gesta og starfshópa á vegum umdæmisins. Enn fremur er nefndin stjórn til aðstoðar við eflingu Rótarýsjóðsins. Efling rótarýsjóðsins er eitt af forgangsverkefnum þessarar stjórnar. Við tökum upp það nýmæli að hvetja til frjálsra framlaga féлага í sparibaukinn eða með öðrum hætti

Auk þess munum við áfram senda félögum sem eiga stórafmæli eða fagna öðrum tímamótum, staðfestingu á framlagi til rótarýsjóðsins. Einnig, þegar við á að senda minningargjafir til sjóðsins.

#### FÉLAGANEFND:

Gunnhildur Sigurðardóttir formaður, Kjartan Jóhannsson varaformaður  
Nefndin fjallar um tillögur og lætur stjórn í té álit sitt á nýjum félögum í klúbbinn.  
Stjórnin gerir ráð fyrir að taka inn nýja félaga á starfsárinu eftir því sem tilefni er til.

#### STARFSGREINANEFND:

Albert J. Kristinsson formaður, Daníel Sigurðsson varaformaður  
Nefndin heldur skrá yfir starfsgreinar og annast endurskoðun á starfsgreinaskrá. Jafnframt fylgist nefndin með að nýir félagar flytji starfsgreinarerindi. Það eru nokkrir af nýjum félögum sem ekki hafa haft tækifæri til að flytja starfsgreinaerindi og munum við vinna að því að það grundvallaratriði sé uppfyllt.

#### RÓTARÝFRÆDSLUNEFND:

Jóhann Guðni Reynisson formaður, Ólafur Haukur Magnússon varaformaður  
Nefndin starfar með stjórn að fræðslu um málefni Rótarýumdæmisins og kynningu á skipulagi, starfsemi og stefnumiðum Rótarý. Það er nauðsynlegt að vera stöðugt að fræða féлага um starf Rótarý. Heimsókn umdæmisstjóra er einn liður í þessu og klúbbþing einnig kjörinn vettvangur fyrir rótarýfræðslu.

#### ÆSKULÝÐSNEFND:

Guðni Gíslason formaður, Hallfríður Helgadóttir varaformaður  
Nefndin vinnur að málefnum æskufólks og annast viðfangsefni er snerta skiptinema og aðrar skipulegar dvalir og heimsóknir æskufólks. Við eigum von á skiptinema frá Frakklandi nú í ágúst. Auk þess leggur stjórnin áherslu á að ræða og skipuleggja skiptinemamál til frambúðar. Klúbbur okkar hefur sérstöðu meðal íslenskra rótarýklúbba með dugnaði í þessum málum en því fylgir bæði mikil ábyrgð og kostnaður sem er verulegur hluti félagsgjalda (um 3000 kr á féлага).

#### SKEMMTINEFND:

Kári Valvesson formaður, Sigurður Björgvinsson varaformaður  
Nefndin annast undirbúning árshátíðar og annarra hátíðafunda svo sem jólafundar, sérstaks fundar fyrir afkomendur féлага og þorablót. Einnig undirbúning sérstakra hátíðafunda svo sem við heimsóknir annarra klúbba. Virkt félagsstarf utan hefðbundinna funda er mjög mikilvægt til að efla samstöðu, velvild og vinarhug. Þetta á bæði við um starf þessarar nefndar og ferðanefndar svo og í Rótarýgolfinu. Þess vegna er lögð áhersla á að halda árshátíð og kæmi vel til greina að hafa samvinnu við annan klúbb um það ef áhugi er fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að árshátíð verði í fyrri hluta október nálægt afmæli klúbbsins. Stjórnin leggur mjög mikla áherslu á góða þátttöku vill stuðla að því með öllum ráðum

#### VERÐLAUNANEFND NEMENDA:

Hjördís Guðbjörnsdóttir, formaður, Gunnar Gunnarsson varaformaður  
Nefndin undirbýr og annast sérstakan fund þar sem skólafólki úr menntastofnunum bæjarins eru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur. Gert er ráð fyrir þessu starfi með hefðbundnum hætti.

LANDGRÆÐSLUNEFND:

Nefndin vinnur að því að efla framlag klúbbsins og einstakra félaga til skógræktar og landgræðslu.

Björn Árnason, formaður-Helgi G. Þórðarson, Trausti Ó. Lárusson, Jón Vignir Karlsson. Nefndin fær það sérstaka verkefni núna að annast fund í námunda við Smalaskála Jóns heitins í Skuld. Jón hefði orðið 100 ára samkvæmt kirkjubókum 20. sept. n.k. en hélt því sjálfur fram að hann væri fæddur 19. sept. sem núna fimmtudagur og fundardagur.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR (JÓLAMERKJAÚTGÁFA):

Sjóðurinn hefur með höndum málefni Framkvæmdasjóðs sem starfar samkvæmt sérstökum samþykktum. Árleg fjáröflun er hefðbundin útgáfa og sala jólamerkja. Stjórn sjóðsins hefur samráð við stjórn klúbbsins um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum.

Skúli Þórsson, formaður, Guðmundur Rúnar Ólafsson

Skúli G. Valtýsson, Sigurður Kristinsson

Framkvæmdasjóður er okkur sérstaklega mikilvægur og við verðum að hlúa að honum þannig að hann nýtist til styrktar góðra málefna í bæjarfélagi okkar. Þess er skemmst að minnast að veitt var gott framlag nýlega til speglunardeildar St. Jósefsspítala til forvarnarstarfs gegn krabbameinum í meltingarvegi.

Það er ákvörðun þessarar stjórnar að leita ekki eftir framlagi úr Framkvæmdasjóði þetta starfsár til viðfangsefna klúbbsins. Framlag okkar til Rótarýsjóðsins verður því af tekjum vegna félagsgjalda og með öðrum framlögum eins og ég hef vikið að og gjaldkeri mun einnig skýra með fjárhagsáætlun.

SÓLVANGSNEFND:

Páll Pálsson formaður, Reynir Guðnason varaformaður

Nefndin hefur umsjón með málefnum aldraðra og samvinnu við aðila innan bæjarfélagsins sem vinna að þeim málum. Nefndin annast dagskrá árlegs fundar á vegum klúbbsins í Félagi eldri borgara og heimsóknir klúbbfélaga á dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra. Þarna er um að ræða nýmæli og er þetta í samræmi við umræður á klúbbþingi í mars. Við leggjum áherslu á að ná til þeirra eldri borgara sem eru lasburða og á stofnunum.

FERÐANEFND:

Gylfi Sigurðsson, formaður, Helgi Ásgeir Harðarson varaformaður

Nefndin gerir tillögur um og undirbýr síðan styttri og lengri ferðir klúbbsins þ.á.m. gönguferðir í bænum eða í nágrenni hans. Jafnframt skipulagningu og framkvæmd ferðar á umdæmisþing Rótarý í Vestmannaeyjum í júní 2003. Eins og ég hef vikið að hér að framan er umdæmisþingið sem haldið verður í Vestmannaeyjum 20. júní 2003 okkur mjög mikilvægt þar sem Bjarni Þórðarson tekur þá formlega við stöðu umdæmisstjóra 2003-2004. Hlutverk klúbbsins er að styðja við Bjarna í því starfi og það kemur einnig í okkar hlut að bjóða til umdæmisþings 2004. Ferðanefnd fær það hlutverk að hefjast þegar handa við undirbúning hópferða á þingið.

NÝTT: UNDIRBÚNINGSNEFND UMDÆMISÞINGS 2004:

Nefndin hefur undirbúning fyrir Umdæmisþing Rótarý Umdæmis 1360 sem haldið verður í Hafnarfirði í júní 2004.

Skúli G. Valtýsson formaður, Páll Pálsson, Albert Kristinsson, Hjalti Jóhannsson, Sigþór Jóhannesson, Gunnhildur Sigurðardóttir, Hallgrímur Jónasson. Þessi nefnd er skipuð með samráði núverandi og verðandi forseta. Við teljum nauðsynlegt að fara þegar að huga að

Því verkefni að halda umdæmisþing í Hafnarfirði í júní 2004 og mun nefndin vinna í góðu samráði við verðandi umdæmisstjóra.

NÝTT: UMSJÓN MEÐ RÓTARÝGOLFI:  
Guðmundur Fr. Sigurðsson og J. Pálmi Hinriksson

Rótarýgolfið er orðinn fastur liður í viðfangsefnaskrá klúbbsins og fannst okkur því tilhlýðilegt að hafa þá starfsemi formlega inni í bók okkar. Vel mætti hugsa sér að auk hefðbundinnar þátttöku í golfmóti umdæmisins væri hægt að hafa innanklúbbsmót hugsanlega í samvinnu við skemmtinefnd.

Allir formenn nefnda munu fá sérstakt erindisbréf og varaformenn afrit af því.

Ein nefnd er ekki í bókinni en hefur starfað nú í heilt ár og mun ljúka störfum nú í ágúst. Þetta er vesturfararnefndin sem hefur undirbúið ferð klúbbsins á slóðir íslenskra landnema í Norður Ameríku. Undirbúningur gengur mjög vel og munum við skýra frá ferðinni í máli og myndum í haust.

Þar sem stór hluti klúbbfélaga verður fjarverandi vegna vesturferðarinnar var ákveðið að fella niður fund 8. ágúst. Hins vegar verður fundur brottfarardaginn 1. ágúst. Samkvæmt nýjum lagabreytingum Rótarý er heimild fyrir slíku fundarfrí og hafa margir klúbbar notað sér það. Stjórnin lítur hins vegar svo á að þetta fundarfrí okkar einn fund eigi ekki að vera fordæmsigefandi. Fremur sé það metnaður okkar að halda klúbbstarfinu gangandi allt árið og reyndar hittist svo á að nokkrir fundir á ári falla niður hjá okkur vegna helgidaga sem falla á fimmtudaga. (5 dagar þetta starfsár).

Mætingar. Eitt mikilvægt embætti er ótalið en það er umsjón með fundarsókn sem Skúli Þórssson hefur. Það gilda nýjar reglur um undanþágu frá mætingaskyldu þegar menn hafa náð ákveðinni tölu í aldri og árafjölda í Rótarý. Það eru nokkrir félagar okkar sem nýta sér þegar þá reglu en margir þeirra mæta samt vel á fundum. Við aðrir klúbbfélagar verðum að hafa í heiðri mætingaskylduna og hvet ég alla til að mæta í öðrum klúbbum bæði hér heima og erlendis. Það er hluti af því að vera í Rótarý að og geta sótt fundi víða, eiga þar góða féлага og skapa ný og verðmæt tengsl.

Góðir félagar. Stjórn klúbbsins leggur áherslu á að halda áfram öflugum starfi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar og efla það. Við biðjum ykkur því að treysta okkur vel fyrir því starfi sem framundan er, en við þurfum svo öll að leggjast á eitt að gera þetta starfsár að góðu ári.

Verum ötul við að: Sá frækornum kærleikans.